

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

***Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins - verklok og niðurstöður - vaxtarsamningur  
höfuðborgarsvæðisins***

Á fundi borgarráðs 18. september 2014 var lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. september 2014, um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, verklok og niðurstöður. Jafnframt voru lagðar fram samantektir varðandi vaxtarsamning höfuðborgarsvæðisins, skóla og menntun í fremstu röð og áfangaskýrslu verkefnisstjórnar um vísindapörp í Vatnsmýri, allar dags. í september 2014.

Borgarráð samþykkti að vísa samantektar- og undirskýrslum „Skólar í fremstu röð“, til umfjöllunar skóla- og frístundaráðs.

Undirskýrslu um háskólaborgina er jafnframt vísað til umfjöllunar hjá stjórnkerfis- og lýðræðisráði, umhverfis- og skipulagsráði og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Undirskýrslu um endurmenntun á vinnumarkaði er vísað til umfjöllunar mannauðsskrifstofu.

Undirskýrslu um menningarverkefni og samstarf við menntakerfið er vísað til umfjöllunar menningar- og ferðamálaráðs.

Borgarráð samþykkti að vísa samantektar- og undirskýrslum „Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins“ til umfjöllunar umhverfis- og skipulagsráðs, fjármálaskrifstofu og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar.

Undirskýrslum um framtíð og fjárfestingaþörf í ferðaþjónustu og um skapandi greinar og græna hagkerfið er vísað til umfjöllunar menningar- og ferðamálaráðs.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Samrit:  
SSH  
Skóla- og frístundaráð  
Umhverfis- og skipulagsráð  
Mannauðsskrifstofa

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar  
Menningar- og ferðamálaráð  
Fjármálaskrifstofa  
Hjálagt:  
Skólar í fremstu röð - undirskýrsla um háskólaborgina